

REGLUGERÐ

76
7. júlí

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Svalbarðseyri við Eyjafjörð
nr. 220 20. desember 1951.

1. gr.

Öll gjöld, sem greiða ber samkvæmt hafnarreglugerðinni, hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. júlí 1961.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Lárusar Björnssonar 77
og Péturínu Jóhannsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 12. júlí
ráðherra 12. júlí 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur húsfreyju í Grímstungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir verðlaunasjóður Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af vinum þeirra Grímstunguhjóna í Vatnsdal og víðar, hinn 13. maí 1960, í tilefni af 50 ára búskap Lárusar, 45 ára hjúskap þeirra hjóna og 70 ára afmæli Lárusar þann 10. desember s. l.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 27500.00, er ávaxtast í Sparisjóði A.-Hún. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né heldur sameina öðrum sjóði eða sjóðum. Tekjur sjóðsins eru sá hluti vaxta, er ekki koma til útborgunar (sbr. 6. gr.), svo og áheit og gjafir eða önnur framlög. Er allt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár, sem frumstofninn og má aldrei skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn þannig: Ráðunautur í búfjárrækt fyrir A.-Húnavatnssýslu, formaður búnaðarsambands A.-Hún., formaður búnaðarfélags Ás-